

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 59/2014

2014/EES/36/20

frá 23. janúar 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á brennisteinsdíoxíði — súlfítum (E 220–228) í afurðir, að stofni til úr kryddvíni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem er getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Umsókn um leyfi fyrir notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) í afurðir, að stofni til úr kryddvíni, eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1601/91⁽³⁾ var lögð fram 27. mars 2013 af framleiðendum þessara afurða og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 4) Aftæknilegum ástæðum er þörf á að nota brennisteinsdíoxíð og súlfít (E 220–228) í afurðir, að stofni til úr kryddvíni. Brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) er bætt við til að stöðva oxun og koma í veg fyrir örverumengun og

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 24.1.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlega EES-nefndarinnar nr. 78/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum (Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1).

leiðir til þess að bragð og litur afurðanna varðveitist betur. Einkum ætti að verja þessar afurðir, s.s. vermút, þar eð þær eru oft geymdar lengi eftir að flaskan hefur verið opnuð.

- 5) Vísindanefndin um matvæli hefur fastsett gildi fyrir ásættanlega, daglega inntöku brennisteinsdíoxíðs og súlfíta (E 220–228)⁽⁴⁾. Afurðir, að stofni til úr kryddvíni, eru áfengir drykkir sem er alla jafna neytt sem valkosti í stað annarra áfengra drykkja, s.s. víns, sem notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum er leyfð í. Aukin váhrif af völdum brennisteinsdíoxíðs og súlfíta (E 220–228) á grundvelli þessarar nýju notkunar verða áfram takmörkuð og munu ekki leiða til aukinnar heildarinntöku. Því er rétt að leyfa notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) sem rotvarnarefnum og þrávarnarefnum í afurðir, að stofni til úr kryddvíni.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) sem rotvarnarefni og þrávarnarefni í afurðir, að stofni til úr kryddvíni, telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 7) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(4) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_35.pdf

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í matvælafllokki 14.2.7.1 „Kryddvín“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 200–203:

„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	200	(3)
	(3): Hámarksgildi eru gefin upp sem heildarmagn SO ₂ frá öllum uppsprettum; SO ₂ innihald sem er 10 mg/kg eða 10 mg/l eða minna er ekki reiknað með.“		

- 2) Í matvælafllokki 14.2.7.2 „Drykkir, að stofni til úr kryddvín“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 200–203:

„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	200	(3)
	(3): Hámarksgildi eru gefin upp sem heildarmagn SO ₂ frá öllum uppsprettum; SO ₂ innihald sem er 10 mg/kg eða 10 mg/l eða minna er ekki reiknað með.“		

- 3) Í matvælafllokki 14.2.7.3 „Hanastéj, blönduð með kryddvín“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 200–203:

„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	200	(3)
	(3): Hámarksgildi eru gefin upp sem heildarmagn SO ₂ frá öllum uppsprettum; SO ₂ innihald sem er 10 mg/kg eða 10 mg/l eða minna er ekki reiknað með.“		